

## Laun á almennum vinnumarkaði 1998–2006

### *Earnings in the private sector 1998–2006*

*Samantekt* Árið 2006 voru regluleg laun fullvinnandi launamanna á almennum vinnumarkaði að meðaltali 297 þúsund krónur á mánuði og heildarlaun 383 þúsund krónur. Fjöldi greiddra stunda var 45 stundir á viku. Heildarlaun, laun sem innihalda bæði reglulegar og óreglulegar greiðslur, voru hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J), 530 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og lægst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) 337 þúsund krónur. Niðurstöður byggja á launarannsókn Hagstofu Íslands og ná aftur til ársins 1998. Frá árinu 1998 eru niðurstöður byggðar á fjórum atvinnugreinum; iðnaði (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) og samgöngum og flutningum (I). Árið 2005 bættist við atvinnugreinin fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J). Dreifing hefur aukist nokkuð ef horft er til tímabilsins 1998–2006 án fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga. Árið 1998 voru algengustu heildarlaun á bilinu 95–145 þúsund krónur og voru 32% launamanna með laun á því bili. Árið 2006 voru algengustu heildarlaun á bilinu 245–295 þúsund krónur og voru 18% launamanna með laun á því bili.

## Laun á almennum vinnumarkaði

*Lýsing á launastigi* Laun á almennum vinnumarkaði eru meðallaun einstaklinga í ákveðnum atvinnugreinum, starfstéttum og störfum og byggjast niðurstöður á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Laun á almennum vinnumarkaði sýna ekki launaþróun miðað við fasta samsetningu líkt og vísitala launa heldur launastig í krónum miðað við samsetningu vinnumarkaðarins hverju sinni. Breyting á launum milli tímabila endurspeglar því hvoru tveggja í senn breytingu launa á tímabilinu og breytingar á samsetningu vinnumarkaðar. Þá ber að hafa í huga að breytingar launa á milli tímabila geta einnig stafað af breyttri samsetningu gagnasafns þar sem úrtak launarannsóknarinnar hefur stækkað og gæði þess batnað.

*Atvinnugreinin  
fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir  
og váttryggingar 2005–2006*

Frá árinu 1998 byggjast niðurstöður á fjórum atvinnugreinum; iðnaði (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) og samgöngum og flutningum (I). Árið 2005 bættist við atvinnugreinin fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J).

*Laun fullvinnandi einstaklinga  
1998–2006*

Niðurstöður ná að þessu sinni til árána 1998 til 2006 fyrir fullvinnandi einstaklinga. Niðurstöðurnar í heild sinni má finna á vef Hagstofu Íslands.


*Laun 2006*

Mynd 1 sýnir meðaltal og miðgildi launa árið 2006. Regluleg laun voru 77% heildarlauna og regluleg heildarlaun voru 87% heildarlauna. Meðaltal launa er hærra en miðgildi launa í öllum tilvikum.



### Mynd 1. Meðaltal og miðgildi launa 2006

Figure 1. Average and median salaries 2006




#### Launadreifing eykst

Nokkur aukning hefur orðið á launadreifingu. Dreifing, án fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga, sem kom inn árið 2005, sýnir að dreifing hefur aukist nokkuð á tímabilinu 1998–2006. Eins og sést á mynd 2 voru algengustu heildarlaunin á bilinu 95–145 þúsund krónur árið 1998 og höfðu 32% launamanna þau laun. Árið 2006 voru algengustu heildarlaunin á bilinu 245–295 þúsund krónur en einungis 18% launamanna höfðu þau laun.

### Mynd 2. Dreifing heildarlauna án fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga (J) 1998–2006

Figure 2. Distribution of total salaries without Financial intermediation (J) 1998–2006




## Laun eftir atvinnugrein

Heildarlaun hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum

Árið 2006 voru laun hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J). Þar var meðaltal reglulegra launa 368 þúsund krónur, meðaltal reglulegra heildarlauna 385 þúsund krónur og heildarlauna 530 þúsund krónur. Heildarlaun voru lægst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G). Þar voru regluleg laun 288 þúsund krónur, regluleg heildarlaun 315 þúsund krónur og heildarlaun 337 þúsund krónur. Þrátt fyrir að heildarlaun hafi verið lægst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) voru regluleg laun lægri í iðnaði (D) og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) þar sem þau voru 274 þúsund krónur. Greiddar stundir voru jafnframt flestar í þessum atvinnugreinum. Í iðnaði (D) voru greiddar stundir 46,6 stundir á viku og í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerði (F) voru greiddar stundir 50 stundir á viku. Eins og sést á Mynd 3 var munur á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum mestur í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J) og skýrist hann af því að í þeirri atvinnugrein eru óreglulegar launagreiðslur, svo sem ýmis konar bónusgreiðslur, almennt hærri en í öðrum atvinnugreinum. Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) er einnig mikill munur á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum og skýrist sá munur meðal annars af uppgjörsgreiðslum vegna uppmælinga og öðrum óreglulegum greiðslum.

### Mynd 3. Heildarlaun eftir atvinnugrein 2006

Figure 3. Total salaries by economic activity 2006




Iðnaður (D)

Árið 1998 voru algengustu heildarlaun í iðnaði (D) á bilinu 95–145 þúsund krónur og voru 26% launamanna í atvinnugreininni með laun á því bili. Árið 2006 voru algengustu heildarlaunin 245–295 þúsund krónur og 17% launamanna voru með laun á því bili. Miðgildi heildarlauna í iðnaði var 184 þúsund krónur árið 1998 og meðaltalið 198 þúsund krónur. Árið 2006 voru samsvarandi tölur 324 og 354 þúsund krónur.

#### Mynd 4. Dreifing heildarlauna í iðnaði (D) 1998–2006

Figure 4. Distribution of total salaries in Manufacturing (D) 1998–2006




Byggingarstarfsemi og  
mannvirkjagerð (F)

Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) hefur dreifing heildarlauna ekki breyst jafn mikið og í öðrum atvinnugreinum. Árið 1998 voru algengustu launin á bilinu 145–195 þúsund krónur og höfðu 20% launamanna laun á því bili. Árið 2006 voru 15% launamanna með algengustu launin sem voru þá á bilinu 295–325 þúsund krónur.

#### Mynd 5. Dreifing heildarlauna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) 1998–2006

Figure 5. Distribution of total salaries in Construction (F) 1998–2006




Verslun og ýmis  
viðgerðarþjónusta (G)

Í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) hefur dreifing launa breyst mikið á milli árána 1998 og 2006. Árið 1998 voru algengustu launin á bilinu 95–145 þúsund krónur og voru um 40% launamanna með laun á því bili. Hins vegar voru algengustu launin á bilinu 245–295 þúsund krónur árið 2006 og einungis 19% launamanna með laun á því bili.

**Mynd 6. Dreifing heildarlauna í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) 1998–2006**

Figure 6. Distribution of total salaries in Wholesale and retail trade; repair (G) 1998–2006




*Samgöngur og flutningar (I)*

Í samgöngum og flutningum (I) má sjá samsvarandi breytingar og í iðnaði (D). Hlutfall launamanna með algengustu launin lækkar á milli árána 1998 og 2006. Algengustu launin voru á bilinu 95–145 þúsund krónur árið 1998 og voru 40% launamanna með laun á því bili en árið 2006 voru algengustu laun á bilinu 245–295 þúsund krónur og 20% launamanna með laun á því bili.

**Mynd 7. Dreifing heildarlauna í samgöngum og flutningum (I) 1998–2006**

Figure 7. Distribution of total salaries in Transport, storage and communication (I) 1998–2006




*Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J)*

Gögn fyrir atvinnugreinina fjármálaþjónusta, lífeyrissjóði og váttryggingar (J) ná einungis aftur til ársins 2005 og því er samanburður við fyrri ár ekki mögulegur. Árið 2006 var miðgildi heildarlauna 376 þúsund krónur og meðaltalið 530 þúsund krónur. Þá má sjá á mynd 8 að nokkur fjöldi útgilda er í þessari atvinnugrein sem hækka meðaltal heildarlauna.

### Mynd 8. Dreifing heildarlauna í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J) 2006

Figure 8. Distribution of total salaries in Financial intermediation (J) 2006




### Laun eftir starfstétt

Lægst heildarlaun hjá verkafólki og skrifstofufólki

Heildarlaun árið 2006 voru mjög breytileg ef horft er til starfsstétta. Heildarlaun voru á bilinu 290 þúsund til 720 þúsund krónur. Hæst voru heildarlaun stjórnenda (1) og lægst voru heildarlaun skrifstofufólks (4) og verkafólks (VERK). Samsetning launa var ólík hjá skrifstofufólki og verkafólki. Regluleg laun skrifstofufólks voru 239 þúsund krónur, regluleg heildarlaun voru 259 þúsund krónur og greiddar stundir 40,7 stundir á viku. Regluleg laun verkafólks voru 193 þúsund krónur, regluleg heildarlaun voru 260 þúsund krónur og greiddar stundir 49,5 stundir á viku.

### Mynd 9. Laun eftir starfstétt árið 2006

Figure 9. Salaries by occupational group 2006




*Stjórnendur eru misleitur hópur*

Stjórnendur í Ístarf95 starf flokkunarkerfinu eru mjög misleitur hópur hvað laun varðar enda teljast til þessa hóps æðstu stjórnendur fyrirtækja ásamt yfirmönnum deilda. Algengustu heildarlaun þessa hóps voru á bilinu 395–445 þúsund krónur á mánuði árið 2006 og voru 11% launamanna með laun á því bili. Þá voru 10% stjórnenda með yfir 1.145 þúsund krónur á mánuði í heildarlaun. Á mynd 10 má sjá dreifingu á launum stjórnenda og til samanburðar sýnir línan dreifingu allra.

### Mynd 10. Dreifing heildarlauna stjórnenda 2006

Figure 10. Distribution of managers' total salaries 2006




*Helmingur sérfræðinga með 345-545 þúsund krónur í heildarlaun*

Í hópi sérfræðinga var tæplega helmingur launamanna með 345–545 þúsund krónur í heildarlaun árið 2006. Þá voru 4% sérfræðinga með heildarlaun undir 295 þúsundum og 5% með hærri laun en 995 þúsund krónur.

### Mynd 11. Dreifing heildarlauna sérfræðinga 2006

Figure 11. Distribution of professionals' total salaries 2006




Meðaltal tækna og sérmenntaðs starfsfólks 435 þúsund krónur og miðgildi 367 þúsund krónur og miðgildi 367 þúsund krónur

Meðaltal heildarlauna tækna og sérmenntaðs starfsfólks var 435 þúsund krónur árið 2006 og miðgildi heildarlauna var 367 þúsund krónur. Eins og sjá má á mynd 12 voru 2,5% tækna og sérmenntaðs starfsfólks með hærri heildarlaun en 945 þúsund krónur.

### Mynd 12. Dreifing heildarlauna tækna og sérmenntaðs starfsfólks 2006

Figure 12. Distribution of technicians and associate professionals' total salaries 2006




Heildarlaun skrifstofufólks eru 290 þúsund krónur

Heildarlaun skrifstofufólks voru 290 þúsund krónur. Um 80% þeirra voru með heildarlaun undir 345 þúsund krónum á mánuði og 30% skrifstofufólks voru með heildarlaun á bilinu 195-245 þúsund krónur á mánuði.

### Mynd 13. Dreifing heildarlauna skrifstofufólks 2006

Figure 13. Distribution of clerks' total salaries 2006




Þjónustu-, sölu og afgreiðslufólk

Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk var að meðaltali með 297 þúsund krónur í heildarlaun. Um 70% launamanna voru með heildarlaun undir 345 þúsund krónum.



### Mynd 14. Dreifing heildarlauna þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks 2006

Figure 14. Distribution of service workers and shop and market sales' total salaries 2006




Meðaltal og miðgildi heildarlauna iðnaðarmanna áþekkt

Meðaltal og miðgildi heildarlauna iðnaðarmanna er áþekkt. Meðaltal þeirra var 428 þúsund krónur og miðgildi 420 þúsund. Meðaltalið er því einungis 2% hærra en miðgildi heildarlauna.

### Mynd 15. Dreifing heildarlauna iðnaðarmanna 2006

Figure 15. Distribution of craft workers' total salaries 2006




Þrjú fjórðu hlutar verkafólks með heildarlaun undir 345 þúsund á mánuði

Verkafólk var tekjulægsti hópurinn og voru þrjú fjórðu hlutar launamanna í þeim hópi með heildarlaun undir 345 þúsund krónum á mánuði.

### Mynd 16. Dreifing heildarlauna verkafólks 2006

Figure 16. Distribution of general, machine and specialized workers' total salaries 2006




### Samsetning gagnasafnsins 1998–2006

#### Umfang og samsetning

Frá árinu 1998 nær gagnasafnið til fjögurra atvinnugreina á almennum vinnu- markaði, það er iðnaðar (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (F), verslun- ar og ýmissar viðgerðarþjónustu (G) og samgangna og flutninga (I). Árið 2005 bættist við atvinnugreinin, fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J). Breytingar á samsetningu gagnasafnsins á almennum vinnu- markaði eftir atvinnu- greinum má sjá á mynd 17.

### Mynd 17. Samsetning gagnasafns eftir atvinnugrein 1998–2006

Figure 17. Sample structure by economic activity 1998–2006




#### Sérfræðingum og sérmenntuðu starfsfólki hefur fjölgað í gagnasafni

Samsetning gagnasafns með tilliti til starfsstétta hefur breyst og vegur þar þyngst að atvinnugreinin fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J) bættist við árið 2005. Frá árinu 2004 hefur hlutfall sérfræðinga (2), tækna og sérmenntaðs

starfsfólks (3) og skrifstofufólks (4) aukist en hlutfall þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks (5) hefur dregist saman. Breytingar á samsetningu gagnasafnsins eftir starfstétt má sjá á mynd 18.

### Mynd 18. Samsetning gagnasafns eftir starfstétt 1998–2006

Figure 18. Sample structure by occupational group 1998–2006




*Konur eru flestar í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum*

Ekki hafa orðið miklar breytingar á samsetningu gagnasafnsins í heild með tilliti til kyns. Karlar eru fleiri en konur í öllum atvinnugreinum nema í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J) þar sem konur eru um 65% starfsmanna. Karlar eru um 95% starfsmanna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), 70% í iðnaði (D) og verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) og 60% í samgöngum og flutningum (I).

### Mynd 19. Samsetning gagnasafns eftir kyni og atvinnugrein 1998–2006

Figure 19. Sample structure by sex and economic activity 1998–2006




*Konum fjölga í hópi stjórnenda og sérfræðinga*

Nokkrar breytingar hafa orðið á kynjahlutföllum í einstökum starfsstéttum. Breytingarnar skýrast að mestu af tilkomu fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga í úrtak (J). Konum hefur fjölgað í hópi stjórnenda (1) úr 14% í 26%, í hópi sérfræðinga (2) úr 28% í 37%, í hópi tækna og sérmenntaðs starfsfólks (3) úr 34% í 50% og í hópi skrifstofufólks (4) úr 75% í 80%.

**Mynd 20. Samsetning gagnasafns eftir kyni og starfsstétt 1998–2006**

*Figure 20. Sample structure by sex and occupational group 1998–2006*




*Jöfn aldurskipting*

Aldurssamsetning gagnasafnsins hefur breyst. Hlutfall fólks á aldrinum 20–29 ára hefur lækkað úr 25% í 20% en hlutfall fólks á aldrinum 40–49 ára hefur hækkað úr 21% í 26%.

**Mynd 21. Samsetning gagnasafns eftir aldri 1998–2006**

*Figure 21. Sample structure by age 1998–2006*



## Aðferðir

*Launaupplýsingum er safnað beint frá launagreiðendum*

Laun á almennum vinnumarkaði byggjast á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Rannsóknin er byggð á handahófsúrtaki fyrirtækja og stofnana með tíu eða fleiri starfsmenn. Launaupplýsingar eru fengnar um öll störf og er gagna aflað mánaðarlega rafrænt frá fyrirtækjum í úrtaki í gegnum hugbúnað sem notaður er til launaútreikninga. Þau atriði sem safnað er í launarannsókninni eru þegar til staðar í hugbúnaði fyrirtækja. Safnað er ítarlegum upplýsingum um laun, launakostnað, greiddar stundir og ýmsa bakgrunnspætti starfsmanna og launagreiðanda.

*Umfang* Niðurstöður launa á almennum vinnumarkaði ná til fimm atvinnugreina. Frá árinu 1998 eru birtar tölur í fjórum atvinnugreinum; iðnaði (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) og samgöngum og flutningum (I). Árið 2005 bættist við atvinnugreinin, fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J). Hafa ber það í huga við skoðun launa frá árinu 1998.

*Gagnasafnið* Laun eru miðuð við laun einstaklings á ársgrundvelli. Til þess að einstaklingur sé með í gagnasafni þarf hann að vera a.m.k. einn mánuð fullvinnandi á árinu. Fundin eru meðallaun einstaklingsins þá mánuði ársins sem hann var fullvinnandi og sinnti sama starfi hjá sama fyrirtæki.

*Laun fullvinnandi* Þessar niðurstöður ná til launa hjá fullvinnandi launamönnum. Launahugtökun eru regluleg laun, regluleg heildarlaun, heildarlaun og greiddar stundir. Þessum launahugtökum er ætlað að svara því hvaða laun séu greidd í ákveðnum störfum eða atvinnugreinum auk þess sem birt er dreifing launa eftir kyni. Sjá nánari skilgreiningu á fullvinnandi og launahugtökum bls. 14 undir skilgreiningum.

*Vogir* Við birtingu meðaltals, miðtölu, fjórðungsmarka og dreifingu í launum fullvinnandi þarf að taka tillit til mismunandi vægis einstaklinga þar sem um úrtaksrannsókn er að ræða. Við útreikning launa á almennum vinnumarkaði eru notaðar tvenns konar vogir. Í fyrsta lagi er notuð vog sem tekur tillit til samsetningar á vinnumarkaði og af vægi úrtaks af heildarlaunasummu atvinnugreinar samkvæmt staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Í öðru lagi er notuð vog sem tekur tillit til fjölda mánaða sem einstaklingur vinnur á árinu. Með henni er meðaltal launa einstaklingsins fyrir árið vegið með fjölda mánaða sem hann er fullvinnandi.

*Túlkun* Laun á almennum vinnumarkaði lýsa launastigi í krónum, dreifingu launa og launasamsetningu. Þeim er ekki ætlað að lýsa launaþróun miðað við fasta samsetningu eins og til dæmis vísitala launa heldur er henni ætlað að lýsa launastigi miðað við samsetningu vinnumarkaðar hverju sinni. Breyting launa milli tímabila endurspeglar breytingu launa á tímabilinu en einnig breytingar í samsetningu vinnumarkaðar. Hagstofa Íslands gefur út vísitölu launa, þar sem samsetningu er haldið fastri og sýnir hún launaþróun eftir starfsstétt og atvinnugrein.

Við samanburð á árunum 1998 til 2006 í launum ber að hafa í huga að breytingar á milli ára geta stafað af breytingum á samsetningu gagnasafnsins. Sérstaklega ber að hafa í huga að árið 2005 bættist við atvinnugreinin fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J). Einnig er stöðugt unnið að aukinni samræmingu og gæðaprófun í launarannsókn Hagstofu Íslands.

Dreifingu launa á almennum vinnumarkaði er hægt að meta með tilliti til meðaltals, miðgildis og fjórðungsmarka. Því breiðara sem bilið er á milli neðri og efri

fjórðungsmarka því meiri dreifing er á launum í ákveðnu starfi eða atvinnugrein. Hins vegar eru launin einsleitari eftir því sem bilið milli neðri og efri fjórðungsmarka er þrengra. Hafa ber í huga að meðaltal er næmt fyrir jaðargildum.

## Skilgreiningar

- Fullvinnandi* Einstaklingur telst fullvinnandi ef samanlagður fjöldi greiddra stunda (þ.e. fyrir dagvinnu, vaktavinnu, og yfirvinnu) er a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Launamaður getur því talist fullvinnandi ef samanlagðar greiddar stundir hans ná 90% dagvinnuskyldu. Dagvinnuskylda er mismunandi eftir kjarasamningum, t.d. er dagvinnuskylda verkafólks oftast 173,3 klst. á mánuði en skrifstofufólks 162,5 klst.
- Atvinnugreinaflokkun* Atvinnugreinaflokkun er í samræmi við íslenska atvinnugreinaflokkun, ÍSAT95, 2. útgáfa. ÍSAT95 er flokkunarstaðall byggður á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE, Rev. 1. Niðurstöður byggjast á atvinnugreinunum iðnaði (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) og samgöngum og flutningum (I). Árið 2005 bættist við atvinnugreinin fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J).
- Starfaflokkun* Störf eru samkvæmt ÍSTARF95 flokkunarkerfinu. ÍSTARF95 er flokkunarstaðall byggður á starfaflokkunarkerfi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, ISCO-88. Meginmarkmið flokkunarkerfisins er að störf séu flokkuð eftir innihaldi starfs í stað starfsheitis. Þá eru einnig reiknuð laun í nokkrum störfum sem ganga þvert á ÍSTARF95 flokkunarkerfið, s.s. verkafólk, afgreiðslufólk í dagvöruverslun og fiskvinnslufólk.
- Stöðutala er fimmti stafur Ístarf 95 flokkunarkerfisins. Hún greinir m.a. á milli flokksstjóra (1), iðnlærðra starfsmanna (2), iðnlærðra verkstjóra (3), almenns starfsfólks (0) og annarra launamanna sem tilheyra sama starfi.
- Starfsstéttir eru fyrsti stafur ÍSTARF95. Á þessu eru tvær undantekningar. Starfsstéttin verkafólk er skilgreind sem fyrsti stafur Ístarf 95 7, 8 eða 9 og stöðutala 0 eða 1. Starfsstéttin iðnaðarmenn er skilgreind sem fyrsti stafur Ístarf 95 7, 8 eða 9 og stöðutala 2 eða 3. Eftirfarandi starfsstéttir eru birtar: Stjórnendur (1), sérfræðingar (2), tæknar og sérmenntað starfsfólk (3), skrifstofufólk (4), þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (5), iðnaðarmenn (IÐN) og verkafólk (VERK).
- Regluleg laun* Regluleg laun eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Í þessum launum eru hvers konar álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur án tilfallandi yfirvinnu sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Við útreikninga er ekki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Regluleg laun eru reiknuð ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru a.m.k. 90% af dagvinnuskyldu og eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda.
- Regluleg heildarlaun* Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum yfirvinnulaunum, veikindalaunum og fyrirframgreiðslu vegna uppmælinga. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

<i>Greiddar stundir</i>	Greiddar stundir er samanlagður fjöldi greiddra stunda á viku í fullu starfi hvort heldur sem er í dag-, vakta- eða yfirvinnu. Fastlaunasamningar eru víða í gildi hjá fyrirtækjum og erfitt er að meta og mæla vinnustundir sérstaklega hjá starfsstéttum eins og stjórnendum og sérfræðingum þótt fastlaunasamningar séu til staðar í öllum starfsstéttum. Fastlaunasamningar eru sérsamningar við vinnuveitanda þar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Þetta hefur í för með sér að raunverulegur vinnutími er ekki skráður og því geta greiddar stundir verið vanmetnar hjá þessum hópi.
<i>Heildarlaun</i>	Heildarlaun eru öll laun einstaklingsins, þ.e. regluleg heildarlaun, auk ýmissa óreglulegra greiðslna, s.s. orlofs- og desemberuppbótar, eingreiðslna, ákvæðisgreiðslna og uppgjors vegna mælinga sem falla til þá mánuði sem einstaklingur er fullvinnandi. Við útreikninga er hvorki tekið tillit til hlunninda né akstursgreiðslna.
<i>Meðaltal</i>	Meðaltal er vegið meðaltal. Það lýsir launastigi í tilteknu starfi eða atvinnugrein. Það er mjög næmt fyrir einstökum jaðargildum.
<i>Miðgildi</i>	Miðgildi er vegið miðgildi og lýsir launastigi. Það er fundið þannig að gildum er raðað í stærðarröð eftir launum og vegið miðjugildi síðan fundið. Helmingur hópsins er með hærri laun en miðtala og hinn helmingurinn er með lægri laun en miðtalan.
<i>Fjórðungsmörk</i>	Miðgildi skiptir röð gilda sem raðað er í stærðarröð eftir launum í tvennt skipta en vegin fjórðungsmörk röð gilda sem raðað er í stærðarröð í fernt. Fjórðungur hópsins er með lægri laun en neðri fjórðungsmörk og fjórðungur er með hærri laun en efri fjórðungsmörk.

## English summary

This report presents results from the Icelandic survey on wages, earnings and labour costs for the economic activities of manufacturing (D), construction (F), wholesale and retail trade; repair (G) and transport, storage and communications (I) for the years 1998–2006. From the year 2005 the economic activity of financial intermediation (J) is also included in the results. Results are calculated for main economic activities, occupations and sex for full-time employees in the private sector.

In the year 2006 full-time employees' average regular salary was 297 thousand ISK and total salary was 383 thousand ISK. Hours paid were 45 hours per week. Total salaries, which include all regular and irregular payments were highest in the economic activity of financial intermediation (J), 530 thousand ISK at average per month. Total salaries were lowest in the economic activity of wholesale and retail trade; repair (G), 337 thousand ISK.

The distribution of salaries has increased between the years 1998–2006. In 1998 the most frequent salaries were in the interval 95–145 thousand ISK. About 32% of the employees had average salaries in that interval. In 2006 the most frequent salaries were in the interval 245–295 thousand ISK and 18% of the employees had salaries in that interval.

**Tafla 1. Laun fullvinnandi á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og kyni 1998–2006**

Table 1. Earnings in the private sector by economic activity and sex for full-time employees 1998–2006

		Regluleg laun <sup>1</sup> Regular salaries <sup>1</sup>			
		Meðaltal Average	Neðri fjórðungur First quartile	Miðgildi Median	Efri fjórðungur Third quartile
<b>1998</b>					
Allar atvinnugreinar <i>All economic activities</i>	Alls <i>Total</i>	150	97	122	174
	Karlar <i>Males</i>	167	106	140	194
	Konur <i>Females</i>	116	90	100	124
Iðnaður <i>Manufacture (D)</i>	Alls <i>Total</i>	149	99	131	174
	Karlar <i>Males</i>	161	110	142	182
	Konur <i>Females</i>	117	90	98	127
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>	Alls <i>Total</i>	173	102	139	203
	Karlar <i>Males</i>	175	102	139	204
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>	Alls <i>Total</i>	144	93	120	172
	Karlar <i>Males</i>	161	103	139	196
	Konur <i>Females</i>	113	83	98	122
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>	Alls <i>Total</i>	156	98	114	169
	Karlar <i>Males</i>	195	105	132	250
	Konur <i>Females</i>	118	94	105	120
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>	Alls <i>Total</i>	..	..	..	..
	Karlar <i>Males</i>	..	..	..	..
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
<b>1999</b>					
Allar atvinnugreinar <i>All economic activities</i>	Alls <i>Total</i>	163	105	137	187
	Karlar <i>Males</i>	180	117	153	209
	Konur <i>Females</i>	127	95	110	141
Iðnaður <i>Manufacture (D)</i>	Alls <i>Total</i>	157	104	138	182
	Karlar <i>Males</i>	171	117	153	193
	Konur <i>Females</i>	122	93	104	137
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>	Alls <i>Total</i>	167	108	138	181
	Karlar <i>Males</i>	166	108	138	176
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>	Alls <i>Total</i>	163	106	139	194
	Karlar <i>Males</i>	180	121	158	210
	Konur <i>Females</i>	126	91	108	142
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>	Alls <i>Total</i>	175	108	132	214
	Karlar <i>Males</i>	209	119	159	260
	Konur <i>Females</i>	134	101	118	144
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>	Alls <i>Total</i>	..	..	..	..
	Karlar <i>Males</i>	..	..	..	..
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..





Tafla 1. Laun fullvinnandi á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og kyni 1998–2006 (frh.)  
 Table 1. Earnings in the private sector by economic activity and sex for full-time employees 1998–2006 (cont.)

		Regluleg laun <sup>1</sup> Regular salaries <sup>1</sup>			
		Meðaltal Average	Neðri fjórðungur First quartile	Miðgildi Median	Efri fjórðungur Third quartile
<b>2000</b>					
Allar atvinnugreinar <i>All economic activities</i>	Alls <i>Total</i>	183	118	155	214
	Karlar <i>Males</i>	202	131	173	243
	Konur <i>Females</i>	140	101	123	159
Iðnaður <i>Manufacture (D)</i>	Alls <i>Total</i>	173	114	149	194
	Karlar <i>Males</i>	189	128	164	210
	Konur <i>Females</i>	132	99	115	149
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>	Alls <i>Total</i>	188	120	146	209
	Karlar <i>Males</i>	187	120	145	203
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>	Alls <i>Total</i>	185	122	166	220
	Karlar <i>Males</i>	203	138	184	241
	Konur <i>Females</i>	141	98	123	166
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>	Alls <i>Total</i>	197	117	150	246
	Karlar <i>Males</i>	239	132	205	298
	Konur <i>Females</i>	146	107	130	160
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>	Alls <i>Total</i>	..	..	..	..
	Karlar <i>Males</i>	..	..	..	..
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
<b>2001</b>					
Allar atvinnugreinar <i>All economic activities</i>	Alls <i>Total</i>	202	128	173	241
	Karlar <i>Males</i>	223	143	195	262
	Konur <i>Females</i>	156	111	137	181
Iðnaður <i>Manufacture (D)</i>	Alls <i>Total</i>	192	124	168	223
	Karlar <i>Males</i>	209	140	185	247
	Konur <i>Females</i>	148	109	128	171
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>	Alls <i>Total</i>	207	126	158	243
	Karlar <i>Males</i>	207	126	158	240
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>	Alls <i>Total</i>	202	134	187	242
	Karlar <i>Males</i>	221	150	205	260
	Konur <i>Females</i>	159	109	140	193
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>	Alls <i>Total</i>	221	130	170	274
	Karlar <i>Males</i>	272	152	236	341
	Konur <i>Females</i>	161	115	141	180
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>	Alls <i>Total</i>	..	..	..	..
	Karlar <i>Males</i>	..	..	..	..
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..



Tafla 1. Laun fullvinnandi á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og kyni 1998–2006 (frh.)  
 Table 1. Earnings in the private sector by economic activity and sex for full-time employees 1998–2006 (cont.)

		Regluleg laun <sup>1</sup> Regular salaries <sup>1</sup>			
		Meðaltal Average	Neðri fjórðungur First quartile	Miðgildi Median	Efri fjórðungur Third quartile
<b>2002</b>					
Allar atvinnugreinar <i>All economic activities</i>	Alls <i>Total</i>	216	137	187	258
	Karlar <i>Males</i>	235	150	206	278
	Konur <i>Females</i>	171	120	151	202
Iðnaður <i>Manufactury (D)</i>	Alls <i>Total</i>	210	134	186	247
	Karlar <i>Males</i>	227	151	199	265
	Konur <i>Females</i>	168	120	149	198
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>	Alls <i>Total</i>	209	132	160	239
	Karlar <i>Males</i>	209	132	156	239
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>	Alls <i>Total</i>	215	146	200	255
	Karlar <i>Males</i>	233	161	215	271
	Konur <i>Females</i>	172	117	152	206
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>	Alls <i>Total</i>	234	138	182	288
	Karlar <i>Males</i>	280	156	237	350
	Konur <i>Females</i>	172	122	150	197
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>	Alls <i>Total</i>	..	..	..	..
	Karlar <i>Males</i>	..	..	..	..
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
<b>2003</b>					
Allar atvinnugreinar <i>All economic activities</i>	Alls <i>Total</i>	230	149	202	273
	Karlar <i>Males</i>	247	163	218	295
	Konur <i>Females</i>	184	128	163	215
Iðnaður <i>Manufactury (D)</i>	Alls <i>Total</i>	224	144	200	265
	Karlar <i>Males</i>	240	165	216	284
	Konur <i>Females</i>	179	127	162	213
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>	Alls <i>Total</i>	215	139	173	244
	Karlar <i>Males</i>	212	139	173	237
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>	Alls <i>Total</i>	232	157	216	277
	Karlar <i>Males</i>	248	176	229	295
	Konur <i>Females</i>	186	128	166	218
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>	Alls <i>Total</i>	250	150	192	306
	Karlar <i>Males</i>	297	166	252	370
	Konur <i>Females</i>	185	127	162	213
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>	Alls <i>Total</i>	..	..	..	..
	Karlar <i>Males</i>	..	..	..	..
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..



Tafla 1. Laun fullvinnandi á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og kyni 1998–2006 (frh.)  
 Table 1. Earnings in the private sector by economic activity and sex for full-time employees 1998–2006 (cont.)

		Regluleg laun <sup>1</sup> Regular salaries <sup>1</sup>			
		Meðaltal Average	Neðri fjórðungur First quartile	Miðgildi Median	Efri fjórðungur Third quartile
<b>2004</b>					
Allar atvinnugreinar <i>All economic activities</i>	Alls <i>Total</i>	242	155	209	285
	Karlar <i>Males</i>	260	169	226	307
	Konur <i>Females</i>	195	135	170	230
Iðnaður <i>Manufactury (D)</i>	Alls <i>Total</i>	236	152	207	279
	Karlar <i>Males</i>	253	169	225	298
	Konur <i>Females</i>	192	134	165	227
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>	Alls <i>Total</i>	227	153	186	258
	Karlar <i>Males</i>	224	152	184	246
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>	Alls <i>Total</i>	241	162	220	286
	Karlar <i>Males</i>	260	178	239	307
	Konur <i>Females</i>	192	133	171	225
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>	Alls <i>Total</i>	265	155	205	326
	Karlar <i>Males</i>	314	173	263	389
	Konur <i>Females</i>	196	135	172	228
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>	Alls <i>Total</i>	..	..	..	..
	Karlar <i>Males</i>	..	..	..	..
	Konur <i>Females</i>	..	..	..	..
<b>2005</b>					
Allar atvinnugreinar <i>All economic activities</i>	Alls <i>Total</i>	272	175	233	319
	Karlar <i>Males</i>	295	189	252	349
	Konur <i>Females</i>	223	155	199	260
Iðnaður <i>Manufactury (D)</i>	Alls <i>Total</i>	255	161	225	303
	Karlar <i>Males</i>	275	181	242	325
	Konur <i>Females</i>	208	144	181	247
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>	Alls <i>Total</i>	254	167	206	292
	Karlar <i>Males</i>	253	167	203	285
